

3. fundur aðalstjórnar Vestra árið 2022

Fundur mánudaginn 3. október 2022, kl. 16:30 á kaffistofu Safnahússins Eyrartúni.

Mætt voru: Guðfinna Hreiðarsdóttir, Guðni Guðnason, Heba Dís Þrastardóttir, Jóna Lind Kristjánsdóttir, Hlynur Reynisson og Heiðrún Tryggvadóttir.

1. Sportabler. Í sumar gekk gjaldkeri frá samningi við Sportabler þannig að allar deildir félagsins eiga nú að hafa aðgang að þessu skráningarkerfi. Umræður um kosti og galla kerfisins, almennt gott eitt um það að segja en fram kom óánægja með þann hluta sem snýr að innheimtu æfingagjalda.

2. Lottótekjur og skipting þeirra. Ekki hefur verið gengið frá skiptingu lottótekna til deilda Vestra fyrir fyrstu fimm mánuði ársins að upphæð 2.162.791 kr. Gjaldkera falið að ganga frá því og greiða deildum. Spurt um stöðuna á skuld körfuknattleiksdeildarinnar við aðalstjórn en lottótekjur hafa farið í að greiða hana niður. Gjaldkeri telur að gera megi ráð fyrir að deildin nái að greiða skuldina að fullu árið 2023.

3. Fjárhagur deilda. Umræður um fjárhag deilda og þá sérstaklega körfuknattleiksdeildarinnar. Skv. lögum félagsins ber að leggja allar stærri fjárhagslegar skuldbindingar deilda fyrir aðalstjórn til samþykktar. Aðalstjórn hefur á hverjum tíma rétt til að skoða bókhald og fjárreiður deildar. Í því skyni getur aðalstjórn tilnefnt sérstakan trúnaðarmann til slíkra verka, sem getur komið með fyrirhaldi um úrbætur ef þurfa þykir. Formaður lagði til að Guðni Guðnason yrði tilnefndur sérstakur trúnaðarmaður og var það samþykkt.

4. Merki Vestra. Formaður greindi frá því að þann 23. september sl. hefði borist staðfesting á því að reglur félagamerkis hefðu verið samþykktar af Hugverkastofunni og teldi stofnunin að skilyrði skráningar væru þar með uppfyllt. Í framhaldi af því er gert ráð fyrir birtingu merkisins, að öllu óbreyttu, í 10. tbl. Hugverkatiðinda 2022, þann 15. október nk. Skráningarskírteini verður sent eftir að andmælafresti lýkur verði skráningunni ekki andmælt.

5. Nýjar íþróttagreinar. Í haust barst deildinni beiðni um að keppandi í lyftingum fengi að keppa undir merkjum félagsins en það gekk ekki upp þar sem félagið er ekki aðili að Lyftingasambandi Íslands og engin deild í boði fyrir einstaklingsíþróttir aðrar en almenningsdeildin. Stjórnarmenn voru sammála um að æskilegt væri að allar íþróttagreinar gætu átt heima undir merkjum Vestra, hvort sem um væri að ræða hópíþróttir eða einstaklingsíþróttir. Sérstök deild verður hins vegar aldrei stofnuð með einum eða tveimur einstaklingum þar sem alltaf þarf fleiri til að unnt sé að skipa stjórn skv. lögum félagsins. Stjórnarmenn sammála um að þetta væri eitthvað sem skoða þarf til framtíðar en hvetja jafnframt lyftingamenn til að sameinast um að stofna sérstaka lyftingadeild innan Vestra.

6. LED-auglýsingaskjái. Sigurður Jón Hreinsson sendi aðalstjórn erindi í júní varðandi kaup á auglýsingaskjáum í íþróttahúsinu á Torfnesi. Samkvæmt upplýsingum frá Snjallveggjum ehf, má reikna með að fermetraverðið á þessum skjáum sé nálægt 300 þúsund krónur. Heildarverð á þessum tveimur skjáum ásamt stjórnþúnaði og uppsetningu gæti því legið á bilinu 2,5 til 3,0 milljónir króna. Óskar Sigurður eftir því að Vestri og önnur íþróttafélög á svæðinu komi með einhverjum hætti að fjármögnun á þessum þúnaði ásamt sveitarfélaginu. Nokkrar umræður urðu um málið og varð niðurstaðan sú að stjórnarmenn töldu að félagið gæti ekki komið að þessu verkefni.

7. Vefsíðan [Fótboltahús - Vestri.is](https://fotboltahus-vestri.is). Í júní stofnuðu forsvarsmenn knattspyrnudeildarinnar styrktarsíðu vegna byggingu nýs knattspyrnuhúss en tilgangur síðunnar er að halda á lofti og minna á brýna þörf á bættum aðstæðum til íþróttaiðkunar á svæðinu. Óskað er eftir aðstoð fyrirtækja,

einstaklinga, sveitarfélaga o.fl. við að fjármagna verkefnið og bent á söfnunarreikning í nafni aðalstjórnar Vestra.

8. Formannafundur. Rædd tímasetning fyrir formannafund en ákveðið að bíða með hann aðeins þar sem engin brýn mál liggja.

9. Önnur mál. Heiðrún óskaði eftir upplýsingum um viðbragðsáætlun félagsins og taldi mikilvægt að hún yrði uppfærð sem fyrst enda mikilvægt að verkferlar séu skýrir þegar mál af þeim toga sem um ræðir, koma upp. Stjórnarmenn sammála um að yfirfara áætlunina svo fljótt sem auðið er og að því loknu kynna hana á formannafundi.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18.45.